



Fundargerð

21. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum.,

Miðvikudaginn 20. desember 2023, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 270 fundar skipulagsnefndar UTU - 2312026

Lögð fram fundargerð 270. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 195 afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Miðás L211096 og Miðás a2 L220069; Breytt fmörkun og stærð landeigna - 2311082.

Lögð er fram umsókn er varðar innbyrðis breytingu á afmörkun milli jarðarinnar Miðás L211096 og landeignarinnar Miðás 2 L220069. Miðás minnkar úr 53,9 ha í 1 ha og Miðás 2 stækkar úr 5,6 ha í 58,4 ha skv. meðfylgjandi lóðablöðum. Við breytinguna færast skráning reiðhallar (mhl 02) yfir á Miðás 2 en aðrar fasteignir verða áfram skráðar á Miðás.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við innbyrðis skiptingu og breytingu á stærð viðkomandi landeigna skv. fyrirbyggjandi umsókn. Hreppsnefnd Ásahrepps m samþykkir erindið með fyrirvara um lagfærð gögn. Hreppsnefnd bendir á að í gildi er deiliskipulag sem tekur til uppbyggingar á svæðinu, að mati hreppsnefndarinnar er þörf á endurskoðun deiliskipulagsins í tengslum við breytta afmörkun landeigna á svæðinu.

Mál nr. 29; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-195 - 2311002F

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-195.

2. Fundargerð 271. fundar skipulagsnefndar UTU - 2312037

Lögð fram fundargerð 271. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð 196. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU.

Mál nr. 1; Köldukvíslarjökull í Ásahreppi (hluti af Vantajökli); Stofnun þjóðlendu - 2312027. Lögð er fram umsókn Reginu Sigurðardóttur, f.h. forsætisráðuneytisins, um stofnun þjóðlendu. Um er að ræða 218 km² landsvæði, Köldukvíslarjökull í Ásahreppi (hluti Vatnajökuls), skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2003, dags. 10.12.2004. Um stofnun þjóðlenda gilda ákvæði laga um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998 með síðari breytingu. Landeigandi er Íslenska ríkið skv. 2. gr. laga nr. 58/1998. Afmörkun þjóðlendunnar er sýnd á meðfylgjandi mælibleði dags. 07.11.2023. Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun þjóðlendunnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir erindið.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "H.H.", "B.I.", "K.H.", and "L.W.", along with a large blue scribble at the bottom.

Mál nr. 2; Ásmúli 1C L224542; Fyrirspurn - 2312031

Lögð er fram fyrirspurn frá Eflu, f.h. landeigenda Ásmúlasels, Ásmúla 1B og Ásmúla 1C er varðar heimild til deiliskipulagsgerðar á viðkomandi landeignum fyrir allt að 15 lóðir í takt við framlögð gögn.

Að mati hreppsnefndar Ásahrepps eru framlagðar hugmyndir ekki í samræmi við stefnumörkun aðalskipulags er varðar uppbyggingu á landbúnaðarlandi L1 þar sem að jafnaði er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu nema í tengslum við núverandi bæjartorfur eða í jadhri L1 svæða. Að mati hreppsnefndarinnar væri eðlilegt að á úrvals landbúnaðarlandi væri áfram miðað við núverandi skipan landsins og gert sé ráð fyrir byggingarreitum á jadhri landeignar L224541 og L224542. Nefndin gerir ekki athugasemd við að lóðir á L3 svæði teygji sig inn á L1 svo framarlega sem byggingarreitir eru skilgreindir á L3 svæði.

Mál nr. 31; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-196 - 2311004F

Fundargerð byggingarfulltrúa nr. 23-196 lögð fram til kynningar.

3. Fjallskiladeild Holtamannaafréttar - 6 - 2312002F

Fundargerð 6. fundar fjallskiladeildar Holtamannaafréttar lögð fram.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti tillögu fjallskiladeildar Holtamannaafréttar um útjöfnun fjallskila fyrir árið 2023

3.1 2312001 - Kostnaður vegna fjallskila og tillaga um álagningu fjallskila 2023

3.2 2212014 - Uppgræðsla á Holtamannaafrétti

4. Fundargerð 13. fundar seyrustjórnar - 2312016

Lögð fram fundargerð 13. fundar seyrustjórnar.

Dagskrárliður nr. 1 þarfnast staðfestingar aðildarsveitarfélaganna.

Mál nr. 1; Fjárhagsáætlun 2024.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 lögð fram til samþykktar. Fyrir liggur að stefnt er að yfirfærslu á verkefninu til UTU um áramótin 2023/2024 og þá færast rekstur seyrustaða inni rekstur UTU bs. Ljóst er að forsendur fjárhagsáætlunnar geta breyst á árinu 2024 við flutning starfseminnar.

Fjárhagsáætlun samþykkt.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun seyruverkefnisins fyrir rekstrarárið 2024.

5. Fundargerð 104. fundar stjórnar UTU - 2312012

Lögð fram fundargerð 104. fundar stjórnar UTU.

Dagskrárliðir nr. 2 og 3 þurfa staðfestingu sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna.

Nanna Jónsdóttir tekur ekki þátt í afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Í dagskrárlið 2 samþykkti stjórn UTU að færa seyruverkefnið undir UTU með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaganna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að seyruverkefnið verði fært undir UTU.

Í dagskrárlið 3 samþykkti stjórn UTU framlagða fjárhagsáætlun UTU fyrir árið 2024.

Fjárhagsáætlun ásamt yfirliti um framlög aðildarsveitarfélaganna lögð fram.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fram lagða fjárhagsáætlun UTU fyrir rekstrarárið 2024.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

HÖH
Ketr.
EJ
AI
[Signature]

6. 76. fundur Félags- og skólaþjónustu - 2312011

Lögð fram fundargerð 76. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun byggðasamlagsins skv. 1. dagskrárlið fundargerðar.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

7. Fundargerð 6. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. - 2312033

Lögð fram fundargerð 6. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Á fundinum voru drög að gjaldskrá vatnsveitu lögð fram. Eftirfarandi var bókað:

Farið yfir drög að fyrirliggjandi uppfærðri gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps. Lagt er upp með að stuðla að jafnræði í innheimtu vatnsgjalds.

Stjórn Vatnsveitu leggur til að hefja mælavæðingu á inntökum stærri notenda, það er rekstaraðilum gisti- og veitingastaða, vatnskrefjandi búrekstrar ásamt öðrum vatnskrefjandi rekstri.

Eins leggur stjórn til að gerð verði greining á því samhljóða mælauppsetningu með hvaða hætti er möguleiki á að ná sem mestu jafnræði í innheimtu aukavatnsgjalds.

Lagt til að gjaldskrá Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps hækki í samræmi við byggingarvísitölu um 5,63% að undanskildu aukavatnsgjaldi sem helst óbreytt.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti umrædda gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. 2024.

8. Fundargerð 18. fundar stjórnar Odda bs. - 2312034

Lögð fram fundargerð 18. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

9. Fundargerð 7. fundar stjórnar Húsakynna bs - 2312025

Lögð fram fundargerð 7. fundar stjórnar Húsakynna bs.

Til kynningar.

10. Fundargerð 7. fundar stjórnar Lundar - 2312032

Lögð fram fundargerð 7. fundar Lundar.

Til kynningar.

11. Fundargerð 233. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2312035

Lögð fram fundargerð 233. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

12. Fundargerð 75. fundar Félags- og skólaþjónustu - 2312010

Lögð fram fundargerð 75. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Til kynningar.

13. Fundargerð 77. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2312015

Lögð fram fundargerð 77. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-

HBH
KHF
SI
131
57
NW

Skafafellssýslu.

Til kynningar.

14. Fundargerð Héraðsnefndar Rangæinga, 2. nóvember 2023 - 2312005

Lögð fram fundargerð Héraðsnefndar Rangæinga, dags. 2. nóvember 2023.

Til kynningar.

15. Fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands bs 2023 - 2312003

Lögð fram fundargerð aðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands 2023.

Til kynningar.

16. Fundargerð 322. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2312006

Lögð fram fundargerð 322. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

17. Fundargerð 323. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2312038

Lögð fram fundargerð 323. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.

Til kynningar.

18. Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs, 27. október 2023 - 2312023

Lögð fram fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2023.

Til kynningar.

19. Fundargerð 232. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2312024

Lögð fram fundargerð 232. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Til kynningar.

20. Fundargerð 111. fundar svæðisráðs vestursvæðis VJP - 2312007

Lögð fram fundargerð 111. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjódgarðs.

Til kynningar.

21. Fundargerð 112. fundar svæðisráðs vestursvæðis VJP - 2312008

Lögð fram fundargerð 112. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulspjódgarðs.

Til kynningar.

22. Fundargerð 3. fundar Markaðsstofu Suðurlands - 2312029

Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

Til kynningar.

23. Fundargerð 4. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands - 2312030

Lögð fram fundargerð 4. fundar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands.

Til kynningar.

Handwritten signatures and initials in blue ink: HBT, Kfr., 132, and other illegible marks.

24. Fundargerð Ársþings SASS 2023 - 2312027

Lögð fram fundargerð Ársþings SASS 2023.

Til kynningar.

25. Fundargerð 603. fundar stjórnar SASS - 2312004

Lögð fram fundargerð 603. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

26. Fundargerð 67. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2312017

Lögð fram fundargerð 67. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.

Til kynningar.

27. Fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2312009

Lögð fram fundargerð 937. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

28. Fundargerð 938. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2312022

Lögð fram fundargerð 938. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

29. Fundargerð 939. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2312031

Lögð fram fundargerð 939. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

30. Ákvörðun um álagningu útsvars árið 2024 - 2312042

Lagt fram tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. desember 2023, þar sem kynnt er að Alþingi samþykkti lagabreytingu þann 15. desember 2023 sem kveður á um lækkun tekjuskatts um 0,23% og jafnframt heimilaði hækkun hámarksútsvars um sama hlutfall. Hámarksútsvar sveitarfélaga verður því 14,97%. Um er að ræða tilflutning á skatttekjum frá ríki til sveitarfélaga til fjármögnunar þjónustu við fatlað fólk. Sveitarfélögunum er því heimilt að hafa álagningarhlutfall útsvars 14,97%.

Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15. desember 2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2024 skuli vera 14,97% með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrrgreindu samkomulagi og breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15. desember 2023.

31. Ósk um staðfestingu á nýjum samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands - 2311018

Lögð fram tillaga að nýjum samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs, til annarrar og lokaumræðu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða nýjar samþykktir fyrir Sorpstöð Suðurlands bs fyrir sitt leyti.

HÖH
K.Hr.
SI
J.J.
D

32. Girðingargjald fyrir áningarhólf á Holtamannafrétti - 2311031

Taka þarf til endurskoðunar girðargjald fyrir áningarhólf á Holtamannafrétti.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að hækka girðingargjald / aðstöðugjald fyrir hesta í áningarhólfum á Holtamannafrétti. Gjaldið hefur verið 350 kr á hvern hest sem nýtir aðstöðu sveitarfélagsins í áningarhólfum fyrir hverja nótt. Gjaldið verður kr. 450 fyrir einn hest, eina nótt. Nýtt gjald tekur gildi frá 1. janúar 2024.

33. Fundaráætlun hreppsnefndar Ásahrepps 2024 - 2312019

Lögð fram fundaráætlun hreppsnefndar Ásahrepps fyrir árið 2024.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlagða fundaráætlun og felur sveitarstjóra að birta hana á heimasíðu Ásahrepps.

34. Íþrótt- og tómstundafulltrúi og verkefnisstjóri Heilsueflandi samfélags í Rangárvallasýslu - 2312020

Lögð fram drög að starfslýsingu íþrótt- og tómstundafulltrúa og verkefnisstjóra Heilsueflandi samfélags í Rangárvallasýslu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirleggjandi drög að starfslýsingu. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að sveitarfélagið verði þátttakandi í verkefninu að því gefnu að sveitarfélögin Rangárþing ytra og Rangárþing eystra verði þátttakendur einnig með fyrirvara um að samningur verði endurskoðaður um þjónustu Rangárþings ytra gagnvart Ásahreppi um verkefni sem eru skilgreind þar og einnig innan þessa verkefnis.

35. Hvatastyrkur til eldri borgara í Ásahreppi - 2312021

Lögð fram drög að reglum um greiðslu hvatastyrkja til eldri borgara í Ásahreppi, sbr. bókun á 19. fundi hreppsnefndar, dagskrárlið 30, lið 9. Einnig lögð fram tillaga að umsóknareyðublaði.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fram lagðar reglur um þessa hvatastyrki og felur sveitarstjóra að senda þeim íbúum sem falla undir umrætt aldursbil kynningarbréf og hvatningu til nýtingar þessara hvatastyrkja.

36. Beiðni um samstarfssamning og fjárstyrk vegna íþróttastarfs Skotíþróttafélagsins Skyttna - 2210002

Lagt fram tölvuskeyti Skotíþróttafélagsins Skyttna þar sem fram kemur að unnið hefur verið að samstarfssamningi við sveitarfélögin í Rangárvallasýslu, en þeirri vinnu er ekki lokið. Rangárþing ytra og Rangárþing eystra hafa þó greitt félaginu styrk í ár. Óskað er eftir að Ásahreppur greiði félaginu áður umbeðinn styrk fyrir þetta ár, þrátt fyrir að samstarfssamningur sé ekki tilbúinn.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að greiða félaginu rekstrarstyrk fyrir árið 2023 að upphæð kr. 250.000, en leggur áherslu á að lokið verði gerð samstarfssamnings sem fyrst með tilliti áframhaldandi styrkveitinga.

37. Umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar að Sumarliðabæ 2 - 2312013

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 21. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar Svarthöfða-Hrossarækt ehf kt. 590516-1120 um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II H, frístundahús. Jafnframt er lögð fram teikning af umræddri fasteign, Sumarliðabær 2, fasteignanúmer 219-8108, rýmismúmer 02-0101 og hámarksfjöldi gesta 2. Fyrir liggur skeyti byggingarfulltrúa þar sem fram kemur að byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemdir við að umrætt leyfi verði veitt. Samþykkt

HBH
K.Hr.
SI
MS
SJ

samhljóða.

38. Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfis vegna þorrablóts Áshreppinga - 2312028

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 4. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Áshrepps vegna umsóknar um tækifærisleyfis fyrir Þorrablót Áshrepps 10. febrúar 2024.

Hreppsnefnd gerir engar athugasemdir við að umbeðið tækifærisleyfi sé veitt, en bendir á að umrætt húsnæði er í Rangárþingi ytra og ber því sveitarfélagi að gefa umsögn um framlagða umsókn.

39. Beiðni um endurnýjun á þjónustusamningi við Hestamannafélagið Geysi - 2312036

Lagt fram tölvuskeyti Hestamannafélagsins Geysis, dags. 12. desember 2023, þar sem óskað er eftir endurnýju á þjónustusamningi við Áshrepp, en gildandi samningur rennur úr gildi um næstu áramót.

Hreppsnefnd Áshrepps samþykkir samhljóða af framlengja umræddan samning að því gefnu að aukið verði framboð námskeiða fyrir ungmenni á starfssvæði félagsins og að námskeiðshald haldist í hendur við starfstíma grunn- og framhaldsskóla.

40. Hugmyndir um nýtingu húsnæðis að Laugalandi - 2312040

Birgir Teitsson, frá Arkís arkitektum, mætir á fundinn og gerir grein fyrir hugmyndum þeirra er varðar nýtingu húsnæðis að Laugalandi.

Birgir gerði grein fyrir hugmyndum Arkís varðandi framtíðarnýtingu á húsnæðinu að Laugalandi. Hreppsnefnd Áshrepps tekur vel í að þessar hugmyndir verði unnar áfram.

41. Bréf HSK, beiðni um fjárstuðning árið 2024 - 2312041

Lagt fram bréf Héraðssambandsins Skarphéðins (HSK), dags. 14. desember 2023, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til reksturs sambandsins árið 2024. Óskað er eftir framlagi að upphæð kr. 280 á hvern íbúa hreppsins.

Hreppsnefnd Áshrepps samþykkir samhljóða að veita umbeðið rekstrarframlag, enda er gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun Áshrepps fyrir árið 2024.

42. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Áshrepps - 2101011

Lagt fram rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Áshrepps fyrir tímabilið 1. janúar - 30. nóvember 2023.

Til kynningar.

43. Ábending Jafnréttisstofu um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða - 2312002

Lagt fram bréf Jafnréttisstofu, dags. 10. nóvember 2023, þar sem fram kemur ábending til sveitarfélaga um mikilvægi kynja- og jafnréttissjónarmiða við stefnumótun og ákvarðanatöku í breytingum á fyrirkomulagi leikskóla.

Til kynningar.

44. Stofnun þjóðlendu, Köldukvíslarjökull - 2312018

Lagt fram bréf forsætisráðuneytis, dags. 7. nóvember 2023, þar sem sótt er um stofnun fasteignar (þjóðlendu), sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna.

HBH
Kfr.
MJ
KI
135
[Signature]

Til kynningar.

45. Minnisblað um skattlagningu á vindorkuver í Noregi - 2312014

Lagt fram tölvuskeyti stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dags. 24. nóvember 2023 ásamt minnisblaði sem unnið er af Guðjónu Bragasyri. Efni skeytis og minnisblað er skattlagning á vindorkuver í Noregi.

Til kynningar.

46. Fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga - 2312039

Lögð fram fréttatilkynning frá stjórn Samtaka orkusveitarfélaga í tengslum við kynningu á tillögum starfshóps ráðuneytis orkumála um vindorku.

Til kynningar.

47. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018


Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 24. janúar 2024 á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.


Fundi slitið kl. 11:45.



Ísleifur Jónasson



Nanna Jónsdóttir




Þráinn Ingólfsson



Helga Björg Helgadóttir



Kristín Hreinsdóttir



Valtýr Valtýsson